



# DEILISKIPULAG, ÁSGARÐUR 2-40



## GREINARGERÐ

Reiturinn markast af Ásgarði og Bústaðavegi, en er hluti skipulags stærra svæðis, sem nær frá Réttarholtsvegi í vestri að Tunguvegi í austri, frá hitaveitustokkum í norðri niður að Bústaðavegi. Skipulag svæðisins alls er samþykkt í byggingarnefnd Reykjavíkur 12. maí 1955 og er höfundur þess Gísli Halldórsson arkitekt. Svæðið er skipulagt sem íbúðasvæði með stórum leikvelli fyrir miðju þess.

Efst við Ásgarðinn var gert ráð fyrir verslunarhúsi, kyndistöð og spennistöð samanber samþykktan uppdrátt frá 18. apríl 1956. Svæðið byggðist upp um og eftir 1960 og var byggðin fullmótuð um 1964. Svæðinu hallar verulega til suðurs, þannig stallest byggðin niður að Bústaðavegi. Frá byggðinni er fallett og vítt útsýni yfir Kópavog, Breiðholti, til fjalla og út á sjó. Húsagerðin eru lítil tveggja hæða raðhús byggð á vegum Reykjavíkurbæjar.

Árið 1959 er samþykkt 3½ hæða fjölbýlishús ofan við Ásgarðinn nr. 73-77, samtals 18 íbúðir. Sama ár var samþykkt tveggja hæða verslunar- og íbúðarhús við Ásgarð 22-24, neðri hæð og kjallari fyrir verslun og lager, efri hæð fyrir 4 íbúðir. Þá var gert ráð fyrir bílskúrum byggðum inn í landið frá suðri og bílastæðum á þaki með aðkomu frá Ásgarði, einnig var kvöð um umferð flutt af lóð niður á göngustíginn sunnan við lóðina. Þetta bílafyrirkomulag kom ekki til framkvæmda og var lóðin ófrágengin að hluta til fram á þennan dag.

Árið 1986 er samþykkt 2-3 hæða fjölbýlishús þar sem áður stóð ketilhús og spennistöð nr. 18-20 samtals 14 litlar íbúðir og var 21 bílastæði komið fyrir á lóð (f. 18 íbúðir) en 23 við Ásgarðinn.

Samkvæmt hverfaskipulagi borgarhluta 5 sp. í júní 1988 er lagt til að gengið verði frá lóðinni nr. 18-24 við Ásgarð.

Í nóvember 1989 var samþykkt í skipulagsnefnd Reykjavíkur íbúðarhús við Ásgarð 24 A, 2 hæðir og kjallari með 5 íbúðum ásamt 2 bifreiðastæðum í kjallara.

Í maí 1990 var samþykkt í byggingarnefnd Reykjavíkur íbúðarhús á sömu lóð, 2 hæðir og kjallari með 4 íbúðum ásamt einu bílastæði í kjallara. Samkvæmt þeirri samþykkt er ákveðið að húsið risi.

Með tilkomu hússins nr. 24A við Ásgarð telst reiturinn nú fullbyggður.

## Lóðarstærðir - nýting - fjöldi íbúða.

Lóðarstærð	Byggingarmagn	Nýting	Fj.íb.	
Ásgarður 2-8	2271 m <sup>2</sup>	816.1 m <sup>2</sup>	0.36	4
Ásgarður 10-16	1582 m <sup>2</sup>	812.8 m <sup>2</sup>	0.513	8
Ásgarður 18		586.8 m <sup>2</sup>	0.87	9
Ásgarður 20	1977 m <sup>2</sup>	287.2 m <sup>2</sup>		5
Ásgarður 22-24		855 m <sup>2</sup>	1.128	4
Ásgarður 24a		502 m <sup>2</sup>		4
Ásgarður 26-32	1518 m <sup>2</sup>	716.6 m <sup>2</sup>	0.47	8
Ásgarður 34-40	1844 m <sup>2</sup>	843.8 m <sup>2</sup>	0.457	4
Leikvöllur	1720 m <sup>2</sup>			
Stígur milli lóða	348 m <sup>2</sup>			
Samtals	11.260 m <sup>2</sup>	f. 0.436/ e. 0.48		46

## STAÐGREINIREITUR 1.834.2

Ásgarður 2-40, deiliskipulag. Reiturinn markast af Ásgarði og Bústaðavegi.

Skipulagsuppdráttur þessi var samþykktur af skipulagsnefnd Reykjavíkur þann 27.04.92



*Þorvaldur Þ. Þorvaldsson*

Skipulagsuppdráttur þessi var samþykktur af borgarráði/borgarstjórn Reykjavíkur þann 28.04.92



*Martin Örn Antonsson*

Skipulagsuppdráttur þessi var afgreiddur frá Skipulagsstjórn Ríkisins til Umhverfismálaráðuneytisins til staðfestingar þann 13.5.92

*Þorvaldur Þ. Þorvaldsson*

*Stjórnir og stjórnir*  
*Helgi Halldórsson*  
*Árnór E. Þorvaldsson*  
*Ólafur J. Þorvaldsson*  
*Ólafur J. Þorvaldsson*

Skipulagsuppdráttur þessi staðfestist hér með samkvæmt 17.og 18.gr. skipulagslaga nr.19/1964 Umhverfismálaráðuneytið, þann

27.05.1992  
*E. J. Jónsson*  
*Ólafur Halldórsson*